

Ágætu bændur

Umræðan, að undanfögnu, um erfið og þung rekstrarskilyrði kjötafurðastöðva síðustu tvö ár hefur að mestu snúist um stöðuna gagnvart framleiðslu sauðfjárafurða en erfiðleikar varðandi útflutning er mesti áhrifavaldurinn. Þar spilar inni gengisþróun, fall á gærumörkuðum og mörkuðum fyrir aðrar hliðarafurðir auk þess sem Rússlands- og Kínamarkaður hafa ekki verið að virka sem skyldi.

Á fjölsóttum bændafundum í mars var farið yfir stöðuna og viðræðar ýmsar hugmyndir um það hvernig hugsanlega yrði staðið að slátrun í haust og hvernig bændur tryggja aðgang sinn að slátrun. Skuldsett birgðastaða og léleg afkoma síðastliðinna ára setur afurðastöðvamar í þá stöðu að erfið verður fyrir þær að fá afurðalán í haust. Þess vegna hefur verið rætt um að staðgreiða einungis þann hluta sem ætlaður er til innanlandssölu eða um 2/3 framleiðslunnar og greiða svo lágmarksverð fyrir 35% og meta svo stöðuna þegar útflutningur hefur átt sér stað hvort hægt sé að bæta einhverju við. Um þetta hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun, enda enn margir óvissuþættir í stöðunni. Einnig hefur verið rætt um verðmismun á þyngdarflokkun en ekki hefur verið tekin endanlega ákvörðun um slíkt og mun það ráðast um leið og mál skirast betur varðandi heildar fyrirkomulag. Við höfum beint því til bænda að við viljum alls ekki óhóflega bötun á lömbum með mikilli grænifóðursbeit.

Eins og staðan er í dag, þá er um 20% offramleiðsla á sauðfjárafurðum. Ef menn meta það sem svo, að það sé viðvarandi staða, þá þarf að grípa til aðgerða strax sem lúta að því að draga saman framleiðsluna. Það er okkar mat að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða strax og stemma stigum eins og hægt er við framleiðslu aukningu, þó þannig að það hafi ekki varanlegar afleiðingar. Viðræður hafa staðið yfir milli bænda og Landbúnaðarráðherra um hvað sé hægt að gera til að bregðast við stöðunni sem uppi er. Vonandi skýrist það á næstu dögum hvaða stefna verði tekin og í framhaldinu verður þá vonandi hægt að gefa út fyrirkomulagið fyrir sláturtíð.

Hvað gæti breyst til batnaðar á næstu tveimur árum? Það erum mörg góð og verðug verkefni í gangi varðandi útflutning og markaðssetningu á erlendum mörkuðum sem Iceland Lamb kemur að og ætti að skila árangri á næstu 2-3 árum. Við höfum von um að viðskipti við Rússland verði betri á sama tíma og einnig að markaðir opnast fyrir okkur inn á Kína í krafti fríverslunarsamnings sem ætti að fara að virka fyrir okkur árið 2018. Ekki er útilokað að viðskipti komist aftur í samt lag gagnvart Noregi. Sala til Bandaríkjanna gæti aukist í gegnum þau verkefni sem þar eru í gangi og sömuleiðis inn á Japansmarkað. Eins er von um að gærumarkaðir batni sem og markaðir fyrir aðrar hliðarafurðir.



Sumarslátrun

Forslátrun vegna Ameríkumarkaðar hefst 14. ágúst hjá SKVH og er stefnt að því að slátra um 12.000 lömbum.

Stuðst verður við verðskrá s.l. hausts og að auki greitt eftirfarandi álag á flokka

E,U,R og O, 1,2,3 og 3+ í fitu.

Vika 33, 20% álag

Vika 34, 15% álag

Vika 35, 10% álag

Allt gert upp viku eftir slátrun.

Komandi sláturtíð

Ákveðið hefur verið að sláturtíð hefjist á Hvammstanga 1. september og á Sauðárkrók 5. september. Sláturtíð líkur svo á báðum stöðum 20. október.

Mikil skráning sláturfjarloforða hefur þegar átt sér stað og hvetjum við bændur til þess að panta slátrun sem fyrst.

Ný framkvæmdastjórn á Hvammstanga

Magnús Freyr Jónsson hefur látið af störfum sem framkvæmdastjóri hjá SKVH.

Í hans stað kemur þriggja manna framkvæmdastjórn, þar sem Davíð Gestsson sér um daglega stjórnun, Reimar Marteinsson um fjármál og Ágúst Andrússon sér um faglega aðstoð og markaðsmál.



ÚTGEFANDI Kjötafurðastöð KS ÁBYRGÐARMANUR Ágúst Andrésson
UMSJÓN Edda Þórðardóttir UPPSETNING & PRENTUN Nýprent ehf.

Aðstaða á Hvammstanga

Sláturhúsið á Hvammstanga hefur sótt um leyfi fyrir reykofni og sviðingaraðstöðu og er stefnt að því að hefja framleiðslu á reykum afurðum í júní og sviða alla lambahausa í haust.



Stórgripaslátrun

Ákvörðun var tekin um að hætta nautgripa- og hrossaslátrun á Hvammstanga frá og með 1. apríl síðastliðnum og beina slátruninni til Sauðárkróks. Slátrað hefur verið tvo daga í viku en nú er svo komið að lítið framboð er að verða af gripum til slátrunar. Slátrað verður eftir þörfum og reynt að halda uppi eins góðri þjónustu og hægt er á hverjum tíma. **Nú vantar gripi til slátrunar og hvetjum við því bændur til þess að hafa samband og skrá sláturgripi.**

1. apríl hækkuðum við verð á hrossakjöti eftir að hafa farið í gegnum mikla markaðsvinnu. Vonandi þróast salan á hrossakjötsafurðum áfram í jákvæða átt þannig að hægt verði að gera enn betur í uppgjöri á þeim afurðum í framtíðinni. Stefnt er að því að greiða sérstakt álag á vel alin feit hross í haust sem fallið geta undir vinnslu á japansmarkað.

EUROP kjötmat í nautgripum

Verið er að undirbúa nýtt kjötmat í nautgripakjöti sem væntanlega tekur gildi í sumar. Á sama tíma tekur ný verðskrá gildi, sem kynnt verður fljótlega.



Sláturpantanir

Sveinbjörn Magnússon á Hvammstanga, mun áfram annast samskipti við bændur varðandi skipulagningu slátrunar fyrir stórgripi og sauðfé af svæðinu. Sveinbjörn er með síma 895 1147, svenni@skvh.is

Edda Þórðardóttir, er með umsjón yfir skipulagningu stórgripaslátrunar á Sauðárkróki og er í síma 455 4588, edda.thordardottir@ks.is

Óli Viðar Andrésson er með umsjón yfir skipulagningu sauðfjárslátrunar á Sauðárkróki og vinnur með umboðsmönnum á þessum svæðum;

Böðvar Magnússon, Hrutsstöðum 434 1175 – 894 4075, hrutsstadir@simnet.is

Ólafur Davíðsson, Hvítárvöllum 437 0007 – 894 9770, hvita@vesturland.is

Jóhann P. Ágústsson, Brjánslæk 456 2055 – 824 3108, brl2@simnet.is

Guðmundur Steinar, Kirkjubóli 456 7655 – 896 2834, smag@snerpa.is

Ragnar Magnússon, Skriðufelli 471 1025 – 896 1026, rmskridufell@gmail.com

Jóhann Ragnarsson, Laxárdal III 451 1164 – 847 0764, jrlax@simnet.is

Óli Viðar Andrésson, Skagafjörður og umsjón 455 4593 – 825 4593, oli.andresson@ks.is

Bændur eru hvattir til að fylgjast með fréttum á heimasíðum afurðastöðvanna

Óskum við bændum gleðilegs sumars!

